



Borgarstjórn Reykjavíkur 8. september 2026

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um viðtækar aðgerðir í forvarnarmálum

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg efni til samstarfs um viðtækar aðgerðir til að efla forvarnir barna og ungmenna í borginni með vísan til aukinnar neyslu vímuefna og vaxandi tíðni ofbeldis og áhættuhegðunar í samfélaginu. Tekið verði mið af þeim aðferðum og hugmyndafræði sem lá til grundvallar íslenska forvarnarmódelinu með áherslu á faglegt starf í nærumhverfi barna, snemmtækan stuðning og gagnreyndar aðferðir, samhliða reglubundinni stöðutöku. Lögð verði áhersla á viðtækt samstarf stjórnvalda og haghafa í forvarnarmálum, starfsfólks skóla og frístundastarfs, foreldra, barna og ungmenna, íþróttahreyfingar, lögreglu, háskólasamfélags og frjálsra félagasamtaka á sviði forvarna og lýðheilsu. Borgarstjórn skipi þverpólitískan stýrihóp til að leiða verkefnið, þar sem bæði meiri- og minnihluti eigi fulltrúa. Með stýrihópnum starfi fulltrúar starfsfólks félagsmiðstöðva, forvarnarfulltrúi og fulltrúi forvarnarteymis borgarinnar, auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og íþróttasviðs. Stýrihópurinn og viðkomandi starfsmenn beri ábyrgð á vinnu við mótun nýrrar aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar í forvarnarmálum. Áætlunin taki við af gildandi forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026 og hafi það markmið að styrkja stöðu forvarna, draga úr áhættuhegðun barna og ungmenna og mæta þeim stóru áskorunum sem felast í auknu aðgengi og neyslu ungmenna að áfengi og vímuefnum og aukinni tíðni ofbeldismála. Settur verði á fót samráðsvettvangur með fulltrúum allra flokka í borgarstjórn og eftirtalinna aðila til að tryggja aðkomu sem flestra hagaðila sem tengjast forvörnum barna og ungmenna: Forsætisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, Embættis landlæknis; Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, í samvinnu við Íslenskar æskulýðsrannsóknir og Rannsóknir og greiningu, Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu; starfsfólks félagsmiðstöðva, foreldrafélaga í hverfum borgarinnar, Reykjavíkurráðs ungmenna, frjálsra félagasamtaka á sviði lýðheilsu og forvarna, skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn skili borgarstjórn stöðuskýrslu eigi síðar en 15. desember 2026 og tillögum eigi síðar en 1. mars 2027.

Greinargerð

Íslenska forvarnarmódelið og fordæmalaus árangur

Um miðjan tíunda áratuginn var staða íslenskra unglinga meðal þeirrar verstu í Evrópu. Árið 1998 höfðu 42% nemenda í 10. bekk orðið ölvuð síðustu 30 daga og 23% reyktu daglega. Tveimur áratugum síðar voru sömu tölur komnar niður í 5-7% og 1-2%, og notkun kannabis meðal 10. bekkunga hafði farið úr um 8% niður í um 1%. Árangurinn má þakka sögulegu samstarfi haghafa í samfélaginu, undir merkjum íslenska forvarnarmóðelsins sem byggði aðferðir sínar á faglegu starfi í nærumhverfi barna og ungmenna, snemmtækum stuðningi, gagnreyndum aðferðum og reglubundinni gagnaöflun um stöðu barna. Árangurinn sem náðist á sér fá fordæmi og aðferðafræðin er nú notuð í tugum samfélaga víða um heim undir heitinu Planet Youth og hefur verið tekin til úttektar hjá Fíkniefnastofnun Evrópusambandsins.



Reykjavík



Það er mikilvægt að hafa í huga hvað gerði þennan árangur mögulegan, því hann var ekki afleiðing af einu átaki eða einni auglýsingaherferð. Fræðslu- og hræðsluáróður hafði þvert á móti reynst gagnlítil. Það sem virkaði var að breyta aðstæðum barnanna sjálfra með því að fjölga þeim klukkustundum sem þau verja með foreldrum sínum og í skipulögðu starfi og fækka þeim klukkustundum sem þau verja eftirlitslaus. Útivistartími var festur í lög og honum fylgt eftir, foreldrasamningar og foreldrarölt urðu að venju í hverfunum, frístundastyrkur var tekinn upp til að jafna aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi og félagsmiðstöðvar og íþróttafélög fengu aukið hlutverk.

Kjarninn er hverfisleg nálgun

Það sem greinir íslenska forvarnamódelið frá hefðbundnu forvarnastarfi er ekki síst hvar aðgerðirnar eiga sér stað. Módelið hvílir á þremur stöðum: Gagnreynndri þekkingu, aðgerðum í nærumhverfi og stöðugu samtali milli rannsakenda, stefnumótenda, þeirra sem starfa með börnunum og síðast en ekki síst með virkri aðkomu og samstöðu foreldra.

Ferlið er einfalt í grunninn og endurtekið ár eftir ár. Gögnum er safnað meðal allra nemenda, niðurstöður eru greindar niður á einstök skólasamfélög, þær eru kynntar fyrir foreldrum, kennurum, þjálfurum og lögreglu í hverfinu. Að ári liðnu er mælt aftur.

Reykjavík hefur allar forsendur til að vinna með þessum hætti og raunar betri en flest sveitarfélög. Borgin skiptist í tíu hverfi sem þegar mynda einingar í rannsóknum Íslenskra æskulýðsrannsókna. Þetta eru Vesturbær, Miðborg, Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir, Breiðholt, Árbær, Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur og Kjalarnes. Í hverju hverfi eru grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, íþróttafélög með langa sögu og rótgröin foreldrafélög. Þörfin á hverfisnálgun sést best á því að staðan er ekki sú sama alls staðar í borginni.

Staðan í dag

Í könnun sem kynnt var haustið 2025 töldu rúmlega 64% skólastjórnenda að unglíngadrykkja hefði aukist á undanförunum tveimur árum. Á sama tíma mældist að tæpur fjórðungur nemenda í 8.-10. bekk hefði drukkið áfengi um ævina og 7% orðið ölvuð.

Í öðru lagi sér lögreglan breytingu í borgarrýminu. Verkefnastjóri samfélagslögreglu lýsti því eftir Menningarnótt 2025 að unglíngadrykkja virtist vera „orðin norm“, að stærsti hópurinn væri fjórtán til fimmtán ára og að dæmi væru um tólf ára börn ölvuð. Um tvö hundruð mál komu upp hjá lögreglu þetta eina kvöld og stór hluti þeirra tengdist unglíngadrykkju. Ungmenninn safnast saman við verslunarmiðstöðvar og á öðrum stöðum þar sem eftirlit er lítið en aðgengi gott. Fjölmiðlar fluttu sömuleiðis fréttir af mikilli unglíngadrykkju í miðborginni á nýliðinni Menningarnótt.

Í þriðja lagi, og það skiptir mestu, eru merki um að verndandi þættir séu að veikjast. Dagleg notkun á rafretum meðal 10. bekklinga jókst úr 3% árið 2016 í 9% árið 2019 og níkotínþúðar hafa síðan bæst við sem nýr og útbreiddur áhættuþáttur sem forvarnastarfið var ekki byggt til að mæta. Ungmenninn sofa minna en hlutfall þeirra sem sofa of lítið vex úr um þriðjung í 8. bekk í rúman helming í 10. bekk. Skjótími og samfélagsmiðlar hafa fært hluta af félagslífi unglínga út fyrir þau rými sem foreldrar, kennarar og æskulýðsstarfsmenn hafa yfirsýn yfir.



Reykjavík



Lagt er til að vinna stýrihóps og samráðsvettvangs beinist m.a. að eftirtöldum viðfangsefnum.

1. Vinna stöðugreiningu á áhættu- og verndandi þáttum í lífi barna og ungmenna í öllum hverfum borgarinnar, sem verði unnin í samstarfi við Íslenskar æskulýðsrannsóknir og Rannsóknir og greiningu.
2. Móta aðgerðaáætlun fyrir hvert hverfi með mælanlegum markmiðum, ábyrgðaraðilum og tímasettum áföngum, með aðkomu þeirra sem starfa í hverfinu s.s. innan skóla, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, foreldrafélaga og lögreglu.
3. Stuðla að jafnari þátttöku barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi milli hverfa og hópa, þar á meðal um nýtingu frístundastyrks, aðgengi, ferðir og kostnaðarþröskulda.
4. Auka foreldrasamstarf í hverju hverfi, þar á meðal um foreldrarölt, foreldrasamninga, útivistartíma og upplýsingagjöf til foreldra á fleiri tungumálum en íslensku.
5. Samræma upplýsingagjöf milli skóla, frístundastarfs, velferðarþjónustu og lögreglu innan hverfis, innan ramma laga um persónuvernd og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
6. Vinna kostnaðarmat á tillögum stýrihópsins og tryggja fjármögnun.

